

Reykjavík 10. mars 2014

Til þeirra er málið varðar

Sjúkratryggingar Íslands vilja ítreka eftirfarandi vegna endurgreiðslu á kostnaði sem til fellur vegna einstaklinga sem eru ósjúkratryggðir á Íslandi en njóta réttinda skv. milliríkjasamning, innan EES.

Neðangreind gögn þurfa að fylgja reikningum þegar um er að ræða aðstoð sem telst nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og áætlaðri tímalengd dvalarinnar. Vanti eitt af þessum gögnum hafa Sjúkratryggingar Íslands ekki heimild til þess að greiða kostnað vegna læknishjálpar.

Ríkisborgarar norðurlandanna:

- Ljósrit af persónuskilríki sem staðfestir búsetu á Norðurlöndum.
- Fylgiskjal með reikningum fyrir einstaklinga sem njóta réttinda skv. milliríkjasamningum
- Á reikningi þarf að koma fram skilgreining á þjónustu skv. gjaldskrá.

Ríkisborgarar frá EES-landi:

- Ljósrit af E-vottorði eða evrópska sjúkratryggingakortinu.
- Ljósrit af vegabréfi eða öðrum persónuskilríkjum sem staðfesta ríkisfang.
- Fylgiskjal með reikningum fyrir einstaklinga sem njóta réttinda skv. milliríkjasamningum
- Á reikningi þarf að koma fram skilgreining á þjónustu skv. gjaldskrá.

• Auk fylgiskjals með reikningum, afriti af nauðsynlegum persónuskilríkjum og ES korti, eftir því sem við á, þarf að fylgja reikningur þar sem fram kemur hluti sjúklings og hluti Sjúkratrygginga Íslands

• Ef um er að ræða röntgen eða blóðrannsókn þarf einingafjöldi að koma fram á reikningnum

• Ef um sjúkrahúsinnlögn er að ræða eða viðamikil læknisverk þarf læknabréf sem staðfestir nauðsyn meðferðarinnar að fylgja reikningum auk úprentunar með upplýsingum um DRG verð vegna innlagnar.

Nauðsynlegt er að öll fylgiskjöl fylgi reikningum til Sjúkratrygginga Íslands vegna ósjúkratryggðra einstaklinga sem njóta réttinda skv. milliríkjasamningum

Vinsamlegast lesið vandlega eftirfarandi:

- Gilt ES kort staðfestir skv. evrópureglum tryggingar frá viðkomandi landi. Athugið að framvegis er ekki heimilt að taka ES kort útgefið frá Íslandi hér á Íslandi þar sem viðkomandi er ekki sjúkratryggður hér á landi og því gilda ekki íslensk ES kort fyrir þann einstakling. Nauðsynlegt er að taka skýrt og greinilegt afrit af báðum hliðum ES-korts Sjá útlit ES korta mismunandi landa hér:
<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=653&langId=en>
- Hægt er að staðfesta búsetu á hinum Norðurlöndunum t.d. með gildu ES-korti (ekki íslensku ES-korti), bráðabirgðaskírteini eða sjúkratryggingakorti frá viðkomandi landi (sbr. gul sjúkratryggingakort frá Danmörku). Einnig þarf að framvísa persónuskilríkjum með mynd, t.d. vegabréfi. Athugið að ástæða þess að óskað er persónuskilríkja með mynd er til að sannreyna að sami einstaklingur nýtur þjónustu og er handhafi ES kortsins eða sjúkratryggingakortsins.
Að gefnu tilefni skal tekið fram að ekki dugar lengur að framvísa eingöngu íslensku vegabréfi án staðfestingar á búsetu í öðru Norðurlandi.
- Íbúar Grænlands og Færeyja eru ekki handhafar ES-korta, en njóta þó sömu réttinda á grundvelli Norðurlandssamnings.

Hægt er að fá frekari upplýsingar um réttindi ósjúkratryggðra einstaklinga sem njóta réttinda skv. milliríkjasamningum á netfanginu E125@sjukra.is